

Stjórnarfundur nr. 4

15. október 2014 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th. Viðarsdóttir, Sóley Möller, Herdís Hallmarsdóttir, Ragnhildur Gísladóttir og Brynja Tomer. Arinbjörn Friðriksson og Guðmundur A Guðmundsson boðuðu forföll.

Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdastjóri ritar fundinn.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra HRFÍ

Tæplega 750 hundar eru skráðir á nóvembersýningu ársins og skráning í augnskoðun á sama tíma fer vel af stað. Við erum að setja í loftið heimasíðu þar sem félagsmenn okkar geta auglýst gotin sín fyrir sanngjart verð. Þessi síða er ekki hugsuð sem tekjulind fyrir félagið heldur viðbótarpjónusta. Tekjur vegna síðunnar fara í að auglýsa síðuna fyrir Íslendinga í hvolpaleit. Með þessari síðu vonumst við til að setja auka gæðastimpil á hvolpa með HRFÍ ættbók á sama tíma og við verðum vonandi sýnilegri í samfélaginu.

Það er kominn tími á smá viðhald innanhúss hérna í Síðumúlanum. Ég hef rætt við smið um að lagfæra ýmislegt smálegt s.s. loftaplötur, hurðakarma og festa upp skjávarpa. Ég mun fljótlega fara af stað í að leita tilboða í málningu.

Kostnaður við hverja sýningu eykst talsvert vegna þess að nú þurfum við að leigja húsnæði undir sýningarnar. Almennt hefur allur kostnaður við sýningar aukist sl. 2 ár en vegna þess að við höfum verið í fríu húsnæði hefur ekki verið þörf á að hækka sýningargjöld. Núna eru aðstæður breyttar og því tel ég nauðsynlegt að gera breytingar á skráningargjöldum. Til þess að koma til móts við félagsmenn er tillaga mín þessi:

Skráning 6 vikum fyrir sýningu er gjaldskrá óbreytt:

CACIB sýning: 5720

Meistarastigssýning: 4950

Hvolpar:2530

Skráning 4 vikum fyrir sýningu þá hækkar gjaldskrá um u.þ.b. 20%:

CACIB sýning: 6870

Meistarastigssýning: 5940

Hvolpar: 3050

Með þessu móti eigum við að losna að einhverjum hluta við mikið álag á skrifstofu fjórum vikum fyrir sýningu. Engu að síður geta þeir félagsmenn sem kjósa að greiða lægra gjaldið gert það áfram. Áætlun mín gerir ráð fyrir að u.þ.b. helmingur kjósi að greiða lægra gjaldið, þannig að hækkunin ætti að standa undir auknum kostnaði. Svona fyrirkomulag um breytilegt sýningargjald þekkest í flestum löndum og hefur reynst vel.

2. Erindi frá sýningadómaranefnd HRFÍ – tölvupóstur 7. október

„Fyrir í kvöld fundaði sýningadómaranefnd HRFÍ.

Einn dagskrárliður fundarins var neðangreind tilkynning, sem barst í dag frá Carsten Brink, formanni dönsku sýningadómarnefndarinnar:

„Dear Hrfí

It is a great pleasure for us to inform you that the DKK's Show Judge Committee has approved Lilja

Dora Halldorsdottir's education program and is recommending HRFI to acknowledge her as judge for Australian Shepherd, Collie Rough, Shetland Sheepdog, Icelandic Sheepdog, Labrador Retriever We suggest that you also approve her for Collie Smooth because it is same standard as Collie Rough.

Samkvæmt reglugerð um dómaraám skal senda samþykktar umsagnir til stjórnar HRFÍ til staðfestingar.

Stjórnarmenn staðfestu ofangreint erindi sýningadómaranefndar með tölvupóstum.

Sýningadómaranefnd tilkynnti Lilju Dóru Halldórsdóttur um þessi gleðitíðindi og voru henni afhent blóm. Nefndin sendi tilkynningu um þessi nýfengnu réttindi ásamt mynd til birtingar á vefsíðu HRFÍ.

3. Erindi frá sýningadómaranefnd HRFÍ – tölvupóstur 7. október

Herdís Hallmarsdóttir, sem þýddi meðfylgjandi reglur og leiðbeiningar, sendir erindið f.h. sýningadómaranefndar HRFÍ:

„Hjálagt sendast reglur og leiðbeiningar fyrir sýningadómara sem sýningadómaranefnd samþykkti fyrir í kvöld að leggja fyrir stjórn til samþykktar.

Eins og heiti reglnanna gefur til kynna er hér um að ræða reglur og leiðbeiningar ætlaðar sýningadómurum. Reglur þessar eru að langstærstum hluta unnar að sænskri fyrirmynd, en sænsku reglurnar má finna hér: <http://www.skk.se/Global/Dokument/Utstallning/Broschyrer/Regler-och-anvisningar-for-exteriordomare-samt-domaretiska-regler-U31.pdf>.

Reglurnar voru svo uppfærðar til samræmis við gildandi sýningareglur félagsins sem og reglur FCI sem gilda um dómara.

Sýningadómaranefnd óskar hér með eftir að stjórn HRFÍ samþykki reglurnar. Nefndin bendir á að stjórn hefur sérstakt hlutverk samkvæmt reglum þessum. Í tveimur tilvikum mælir stjórn HRFÍ með ákveðinni framkvæmd. Annars vegar mælir stjórn með ákveðinni framkvæmd á mælingum hunds (bls. 10) og hins vegar gefur stjórn leiðbeinandi tilmæli til dómara um að gefa 0. einkunn þegar vígtennur fara upp í efri góm hunds innan tanngarðs. Þá er stjórn HRFÍ falið að ákveða þegar réttindi dómara eru í hvíld sem og að svipta eða fella niður dómara réttindi auk þess að veita þau að nýju. Það að til séu reglur um málsmeðferð og beitingu viðurlaga vegna þess að dómari gerist sekur um óásættanlega hegðun er meðal þeirra krafna sem FCI gerir til aðildarfélaga sinna. M.a. af þeim sökum leggur sýningadómaranefndin áherslu á að málið hljóti eins hraða afgreiðslu hjá stjórn félagsins og kostur er.

Undirrituð mun fyrir hönd nefndarinnar taka við öllum ábendingum sem og svara hverjum þeim fyrirspurnum sem stjórnarmeðlimir kunna að hafa. Það upplýsist jafnframt að þar sem í reglunum er fjallað um atriði er varða framkvæmd og skipulag sýninga samþykkti nefndin að senda sýningastjórn reglurnar til umsagnar. Að sama skapi verða reglurnar kynntar dómurum félagsins og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum til stjórnar.

Frestað til næsta fundar.

4. Erindi frá retrieverdeild HRFÍ – tölvupóstur 10. október

Umsókn um deildarsýningu – erindi sent sýningastjórn til umsagnar.

Málinu vísað aftur til sýningastjórnar. Vantar nánari upplýsingar um dómaraann.

5. Erindi frá Írsk setterdeild – tölvupóstur 7. október

Umsókn um veiðipróf – erindi sent veiðiprófanefnd eins og reglur kveða á um.

6. Erindi frá Chihuahuedeild HRFÍ – tölvupóstur 7. október

Umsókn um deildarsýningu – erindi sent sýningastjórn til umsagnar – svar hefur borist

Málinu vísað aftur til sýningastjórnar. Vantar nánari upplýsingar um dómaraann.

7. Erindi frá Schnauzerdeild – tölvupóstur 30. september

Umsókn um deildarsýningu – erindi sent sýningastjórn til umsagnar – svar hefur borist

Málinu vísað aftur til sýningastjórnar. Vantar nánari upplýsingar um dómaraann.

8. Svar frá sýningastjórn HRFÍ - tölvupóstur 8. október

„Sýningastjórn fór í dag og í gær í tölvusamskiptum yfir umsóknir Chihuahuedeildar og Schnauzerdeildar um deildarsýningar á næsta ári. Sýningastjórn gerir engar athugasemdir við umsóknirnar og setur sig ekki uppá móti því að leyfi verði veitt.

Okkur finnst þó rétt að benda á okkur finnst áætlaður fjöldi hunda hjá Schnauzerdeild í hærra lagi, en þar sem deildin tekur á sig tapið ef tap verður sjáum við ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja sýninguna þrátt fyrir þessar efasemdir okkar.“

Þessum erindum er vísað aftur til sýningastjórnar sbr. bókun við dagskrárliði 6 og 7

9. Erindi frá Guðmundi A. Guðmundssyni – tölvupóstur 8. október

„Ég krefst þess að tafarlaust verði lokað á sjálfvirka dreifingu pósts til framkvæmdastjóra sem sendur er á stjórn HRFÍ.“

Stjórn samþykkir að setja texta á heimasíðu félagsins, þar sem áréttað er að allur póstur, sem sendur er á stjorn@hrfi.is berst öllum stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra.

10. Erindi frá Brynju Tomer – tölvupóstur 8. október

„Fyrir næsta stjórnarfund legg ég fram eftirfarandi tillögu:

Þegar erindi er lagt fyrir stjórnarmenn til atkvæðagreiðslu og ákvörðunar í gegnum tölvupóst hafa varamenn stjórn atkvæðisrétt.“

Stenst ekki lög félagsins og þ.a.l. ekki samþykkt.

11. Erindi frá Þórhildi Bjartmarz – tölvupóstur 29. september

Þórhildur sækir um dómaraaréttindi í spori. Stjórn vinnuhundadeildar styður umsókn Þórhildar.

Samþykkt einróma af stjórn. Það er fengur fyrir félagið að fá Þórhildi sem sporadómara.

12. Erindi frá Íþróttadeild HRFÍ-tölvupóstur 30. september

Deildin óskar eftir að fá að halda fimm hundafimimót árið 2015

Málinu frestað þar til upplýsingar liggja fyrir vegna fyrirspurnar Brynju.

13. Stefnumörkun HRFÍ – skipun í vinnuhópa/nefndir

Eftirfarandi stjórnarmenn taka að sér umsjón með eftirfarandi hópum:

- **Umfjöllun og kynningarstarf** Sóley Möller
- **Gagnagrunnur um ræktunardýr og heilsufar** Guðmundur A. Guðmundsson

Með fyrirvara um samþykki Guðmundar, sem var ekki á fundinum

- **Fræðsla** Brynja Tomer
- **Samskipti við opinbera aðila** Jóna Th. Viðarsdóttir
- **Starf ræktunardeilda** Ragnhildur Gísladóttir
- **Einangrunarmál** Herdís Hallmarsdóttir

Ákveðið að kynna á fulltrúaráðsfundi og í framhaldinu setja auglýsingu á vef félagsins.

14. Bréf frá íslenskum fuglahundadómurum í dómarráði – tölvupóstur 13.08.

Frestað til næsta fundar.

15. NKU/AU/VK fundur 24. – 25. september

Frestað til næsta fundar

16. Óafgreidd mál í vinnslu á borði stjórnar

17. Erindi frá Spísshundadeild. - tölvupóstur 28. ágúst

Spísshundadeild óskar eftir að augnskoðunarkrafa verði felld niður á Pomeranian. Vísindanefnd fjallaði um málið og styður tillögu deildarinnar.

Samþykkt

18. Önnur mál

Engin erindi undir þessum lið.

Fundi slitið kl.19:30